

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um brottfall laga um vísitölu byggingarkostnaðar, nr. 42/1987.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigrúnu Ólafsdóttur frá forsætisráðuneyti, Heiðrúnu Eriku Guðmundsdóttur frá Hagstofu Íslands og Steinunni Pálmadóttur frá Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins.

Umsagnir bárust frá Hagstofu Íslands, Samtökum atvinnulífsins og samtökum iðnaðarins og Vegagerðinni.

Með frumvarpinu er lagt til að lög um vísitölu byggingarkostnaðar falli brott. Markmið frumvarpsins er að gera Hagstofu Íslands kleift að uppfæra aðferðir við mælingu og útreikning vísitölnnar í samræmi við alþjóðlega þróun aðferðafræði. Í greinargerð segir m.a. að betur kunni að fara á því að vísitala byggingarkostnaðar mældi ekki verð með virðisaukaskatti þar sem fyrirkomulag húsbygginga hafi að mestu leyti færst frá einstaklingsframtaki til byggingarfyrirtækja.

Umfjöllun nefndarinnar.

Staða byggingarfyrirtækja gagnvart virðisaukaskatti.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að breytingar á virðisaukaskatti orsaki tilfærslur í mælingum vísitölnnar sem valdið hafi notendum vanda. Þá segir: „Vísitalan bregst við (óregluglegum) breytingum á virðisaukaskatti og endurgreiðsluhlutfalli virðisaukaskatts til einkaaðila sem byggja sjálfir. Betur færi á því að vísitala byggingarkostnaðar mældi ekki verð með virðisaukaskatti vegna þess að fyrirkomulag við húsbyggingar hefur að mestu leyti færst frá einstaklingsframtaki til byggingarfyrirtækja. Fyrirtækin búa við fyrirkomulag inn- og útsköttunar og eiga því ekki tilkall til endurgreiðslu á virðisaukaskatti.“

Nefndinni barst minnisblað frá fjármála- og efnahagsráðuneyti þar sem bent var á að ákveðins misskilnings gætti í greinargerð um stöðu byggingarfyrirtækja gagnvart virðisaukaskatti og áhrif hans á kostnað við byggingu íbúðarhúsnæðis. Í minnisblaði ráðuneytisins er fjallað um takmarkaðan rétt byggingaraðila til þess að fá virðisaukaskatt fráðreginn sem innskatt og reglur um rétt til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu manna á byggingarstað íbúðarhúsnæðis. Bendir ráðuneytið á að utan þeirra reglna fái virðisaukaskattur vegna byggingar, endurbóta eða viðhalds íbúðarhúsnæðis eða annarra mannvirkja hvorki fráðreginn sem innskattur né endurgreiddur sérstaklega og nemi að því frátöldu hátt í 20% alls byggingarkostnaðar. Þá segir: „Breytingar á skatthlutfalli eða endurgreiðsluhlutfalli virðisaukaskatts hafa því vissulega áhrif á byggingarkostnað og þar með vísitölu byggingarkostnaðar en í því sambandi skal bent á að samkvæmt athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 42/1987 var byggingarvísitölnni ætlað að sýna breytingar byggingarkostnaðar frá einum tíma til annars fremur en að vera mælikvarði á meðalbyggingarkostnaði í landinu á hverjum tíma.“

Ráðuneytið telur þó ekki tilefni til að gera athugasemdir við ákvæði frumvarpsins og þau meginatriði málsins sem gefa tilefni til þeirra.

Breytingartillögur nefndarinnar.

Nefndin leggur til breytingu á gildistökuákvæði frumvarpsins þannig að breytingar á 4. gr. laga um gatnagerðargjald, sem kveðið er á um í 3. gr., öðlist gildi samhliða brottfalli laga um vísitölu byggingarkostnaðar, sem miðast við 1. janúar 2022.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. Orðin „1. janúar 2022“ í 1. gr. falli brott.
2. 2. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2022.

Smári McCarthy og Oddný G. Harðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. apríl 2021.

Óli Björn Kárason,
form.

Ólafur Þór Gunnarsson,
frsm.

Jón Steindór Valdimarsson.

Brynjar Nielsson.

Bryndís Haraldsdóttir. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Þórarinn Ingi Pétursson.